

Starfsreglur áhættunefndar Kviku banka hf.

Samþykkt 24.05.2018 / Ábyrgðaraðili: Formaður áhættunefndar

1 Markmið

- 1.1 Áhættunefnd Kviku banka hf. (hér eftir nefndur „bankinn“ eða „félagið“) er ætlað að sinna ráðgjafar- og eftirlitshlutverki fyrir stjórn bankans, m.a. vegna mótunar áhættustefnu og áhættuvilja hans. Nefndin hefur eftirlit með fyrirkomulagi og virkni áhættustýringar, stýringu útlánaáhættu, markaðsáhættu, greiðsluhæfisáhættu, rekstraráhættu, orðsporsáhættu og annarri áhættu eftir því sem tilefni er til.
- 1.2 Markmið áhættunefndar er að starfa samkvæmt íslenskum lögum og reglum og góðum stjórnarháttum. Áhættunefnd er skipuð af stjórn í samræmi við 78. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.
- 1.3 Nánar er kveðið um hlutverk og verkefni nefndarinnar í 7. gr. þessara reglna.

2 Nefndarmenn

- 2.1 Stjórn ber ábyrgð á skipun áhættunefndar og skal nefndin svara beint til stjórnar.
- 2.2 Áhættunefnd skal skipuð árlega, á fyrsta reglulega stjórnarfundum eftir aðalfund félagsins.
- 2.3 Áhættunefnd skal skipuð að minnsta kosti þremur aðilum, þar af að lágmarki tveimur stjórnarmönnum bankans.
- 2.4 Nefndarmenn skulu búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að móta áhættustefnu og áhættu vilja bankans.
- 2.5 Starfsmenn bankans skulu ekki eiga sæti í áhættunefnd.
- 2.6 Nefndarmenn eru bundnir trúnaði um málefni bankans og önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu sem nefndarmenn.

3 Heimildir og aðgengi að gögnum

- 3.1 Áhættunefnd hefur heimild til nauðsynlegrar upplýsingaöflunar innan félagsins til þess að geta uppfyllt skyldur sínar samkvæmt starfsreglum þessum. Áhættunefnd hefur óheftan aðgang að stjórn, stjórnendum og þeim starfsmönnum bankans sem hafa fengið það hlutverk að aðstoða áhættunefnd í verkefnum hennar, í því skyni að fá upplýsingar sem nefndin telur nauðsynlegt að fá vegna starfa sinna.
- 3.2 Áhættunefnd hefur heimildir og fjárhagslegt svigrúm til að leita sér ráðgjafar eins og hún telur nauðsynlegt til að geta uppfyllt skyldur sínar.
- 3.3 Starfsmenn félagsins skulu hafa óheftan aðgang að áhættunefnd.

4 Ábyrgð

- 4.1 Áhættunefnd skal starfa sem samskiptaaðili milli stjórnar bankans og stjórnenda.
- 4.2 Nefndin skal jafnframt aðstoða stjórn við að uppfylla skyldur sínar með því að starfa sem óháður og hlutlægur aðili og inna af hendi störf samkvæmt 7. gr. þessara reglna.
- 4.3 Til að fullnægja hlutverki sínu skal nefndin meðal annars meta skilvirkni nefndarinnar og yfirfara starfsreglur nefndarinnar eftir því sem þörf krefur, þó að lágmarki árlega.

5 Fundir og starfshættir

- 5.1 Formaður áhættunefndar skal boða til funda að eigin frumkvæði eða að ósk annarra nefndarmanna en þó eigi sjaldnar en fjórum sinnum á ári. Áhættunefnd gerir árlega áætlun um verkefni ársins, nefndarfundum, fundum með stjórn og fundum með starfsmönnum bankans.

- 5.2 Til að fundur sé ályktunarbær þurfa að minnsta kosti tveir nefndarmenn að sitja fundinn. Meirihluta atkvæða þarf til að samþykkja tillögur. Falli atkvæði jöfn á fundi nefndarinnar fer formaður hennar með oddaatkvæði.
- 5.3 Formaður nefndarinnar skal, í samvinnu við forstöðumann áhættustýringar, undirbúa dagskrá funda sem ásamt fundargögnum skulu vera aðgengileg nefndarmönnum á vefsvæði nefndarinnar fyrir fundi.
- 5.4 Nefndin skal skipa ritara til ritunar fundargerða. Samþykkt fundargerð skal vera undirrituð af nefndarmönnum sem sátu fund ásamt ritara. Hafi nefndarmaður ekki setið fund skal hann staðfesta með undirskrift sinni á fundargerð að hafa kynnt sér efni hennar. Nefndin skal halda fundargerðarbók. Stjórn og forstjóri bankans hafa aðgang að fundargerðum nefndarinnar.
- 5.5 Forstöðumaður áhættustýringar skal taka þátt í fundum áhættunefndar. Áhættunefnd skal bjóða öðrum stjórnendum, starfsmönnum eða aðilum utan bankans á fundi sína til upplýsingagjafar eftir þörfum. Það er ákvörðun nefndarinnar hvort stjórnendur félagsins, innri endurskoðandi eða ytri endurskoðendur séu viðstaddir fundi nefndarinnar.
- 5.6 Störf nefndar fara almennt fram á fundum hennar. Heimilt er að halda símafundi og heimilt er fyrir einstaka nefndarmenn að vera viðstaddir fund í gegnum síma eða annan fjarfundabúnað. Jafnframt er heimilt að afgreiða erindi milli funda þannig að það sé kynnt nefndarmönnum skriflega, þ.e. með tölvupósti, og atkvæðagreiðsla meðal nefndarmanna haldin skriflega. Ákvarðanir sem þannig eru teknar skulu bókaðar í fundargerð næsta fundar.

6 Samskipti við stjórn

- 6.1 Áhættunefnd skal að minnsta kosti árlega skila skýrslu um helstu viðfangsefni nefndarinnar á starfsárinu til stjórnar bankans. Þá skal nefndin í skýrslu til stjórnar gera grein fyrir því hvort hvatar sem falist geta í starfskjarastefnu fjármálafyrirtækisins, þar á meðal kaupukum, samræmist áhættustefnu fyrirtækisins og gera grein fyrir því hvort kjör á eignum og skuldbindingum, þar á meðal á innlánnum og útlánnum, sem boðin eru viðskiptavinum fjármálafyrirtækisins taki að fullu mið af viðskiptalíkani og áhættustefnu bankans. Ef kjör endurspeglar ekki áhættuna samkvæmt viðskiptalíkani og áhættustefnu bankans skal áhættunefnd leggja fram úrbótaáætlun til í skýrslu sinni til stjórnar.
- 6.2 Áhættunefnd ber að framkvæma árangursmat á störfum nefndarinnar, einstakra nefndarmanna og samsetningu nefndarinnar eigi sjaldnar en árlega og upplýsa stjórn um niðurstöður matsins.
- 6.3 Auk þeirra verkefna sem sérstaklega eru talin upp í starfsreglum þessum getur stjórn bankans falið áhættunefnd að skoða og fylgja eftir hverskonar álitafnum varðandi áhættustýringu Kvíku. Nefndin getur jafnframt tekið slík álitafni upp að eigin frumkvæði.
- 6.4 Nefndin skal gera tillögur til stjórnar varðandi álitafni sem nefndin hefur orðið vör við í tengslum við ábyrgðarsvið sitt og telur að ættu að koma til skoðunar hjá stjórn bankans.

7 Verkefni

Hlutverk áhættunefndar eru eftirfarandi:

7.1 Áhættustefna og önnur stefnuskjöl um áhættu og áhættustýringu

- 7.1.1 Áhættunefnd skal árlega yfirfara áhættustefnu bankans, þ.m.t. yfirlýsingu um áhættuvilja, tillögur að breytingum að stefnunni og hafa eftirlit með því að breytingum á stefnunni sé fylgt eftir og leggja slíkar breytingar til samþykktar fyrir stjórn.
- 7.1.2 Áhættunefnd skal yfirfara árlega önnur stefnuskjöl bankans sem fjalla um áhættu og áhættustýringu, sér í lagi með tilliti til þess hvort þau fjalla á fullnægjandi hátt um alla lykiláhættuþætti í starfsemi bankans, yfirfara tillögur að breytingum á stefnuskjölunum og leggja til samþykktar fyrir stjórn.

7.2 **Ráðgjöf og eftirlit með mótun áhættustefnu og áhættuvilja bankans**

- 7.2.1 Áhættunefnd er stjórn bankans til ráðgjafar við mótun áhættustefnu og áhættuvilja félagsins og skal aðstoða stjórn við eftirlitshlutverk hennar.
- 7.2.2 Nefndin hefur eftirlit með því að hvatar sem falist geta í starfskjarastefna bankans, þar á meðal breytilegum starfskjörum, samræmist áhættustefnu bankans.
- 7.2.3 Nefndin skal yfirfara hvort kjör á eignum og skuldbindingum bankans, þar á meðal á innlánnum og útlánnum til viðskiptavina, taki að fullu mið af viðskiptalíkani og áhættustefnu félagsins.
- 7.2.4 Nefndin skal a.m.k. árlega gefa stjórn skriflega mat á því hvort starfskjarastefna og viðskiptakjör bankans endurspeglar áhættustefnu og viðskiptalíkan hans. Sé það ekki raunin skal áhættunefnd leggja útbótaáætlun til stjórnar.

7.3 **Innra mat á eiginfjárförf og lausafjárförf**

- 7.3.1 Áhættunefnd skal yfirfara umgjörð bankans fyrir innra mat á eiginfjárförf og lausafjárförf, tillögur að breytingum og leggja til samþykktar fyrir stjórn.
- 7.3.2 Áhættunefnd skal yfirfara tillögur til samþykktar fyrir stjórn varðandi niðurstöður innra mats á eiginfjárförf bankans (e. ICAAP) og innra mats á lausafjárförf bankans (e. ILAAP) ásamt skýrslu bankans til Fjármálaeftirlitsins um niðurstöður þessa mats.

7.4 **Álagspróf**

- 7.4.1 Áhættunefnd skal yfirfara umgjörð bankans fyrir álagspróf, framkvæmd og kynningu á niðurstöðum og leggja til samþykktar fyrir stjórn.
- 7.4.2 Áhættunefnd skal fara yfir niðurstöður stærri álagsprófa og gera tillögur að samþykkt stjórnar um aðgerðir í tilefni af þeim niðurstöðum ef nauðsyn ber til.

7.5 **Umgjörð áhættustýringar og áhættumörk.**


- 7.5.1 Áhættunefnd skal hafa eftirlit með áhættustýringarkerfum og ganga reglulega úr skugga um að áhættumats- og eftirlitsferli séu viðunandi, að umgjörð bankans fyrir greiningu og stýringu á áhættuþáttum sé fullnægjandi, að áhættumatslíkön bankans séu skilvirk og gera tillögur til stjórnar að úrbótum ef nauðsyn ber til.
- 7.5.2 Áhættunefnd skal leggja mat á, í samvinnu við forstöðumann áhættustýringar, hvort nægjanlegum fjármunum og tíma sé varið í virka áhættustýringu og áhættumat þannig að innan bankans sé yfirsýn yfir helstu áhættuþætti.
- 7.5.3 Áhættunefnd skal yfirfara tillögur varðandi fjárhagsleg markmið sem tengjast áhættustýringu s.s. markmið um arðsemi eða ávöxtunarkröfu á eigið fé.
- 7.5.4 Áhættunefnd skal yfirfara tillögur og veita stjórn ráðgjöf varðandi samþykktar útlánaheimildir
- 7.5.5 Áhættunefnd skal yfirfara tillögur vegna annarra sérstaka áhættumarka sem talin eru nauðsynleg t.d. tengt tilteknum vörum eða mótaðilum.
- 7.5.6 Áhættunefnd skal yfirfara verklagsreglur og gera tillögur að samþykkt stjórnar varðandi hæstu lánamörk fyrir einstakan lántakanda (eða hóp af tengdum lántakendum) og skilgreiningu á því hvað teljist hópur tengdra lántakenda.
- 7.5.7 Áhættunefnd skal yfirfara tillögur vegna afskriftarstefnu og afskriftarferlis bankans þar með talið tillögur varðandi afskriftir útlána.

8 **Annað**

- 8.1 Áhættunefnd skal hafa eftirlit með störfum rekstrarnefndar bankans. Áhættunefnd skal taka til umfjöllunar störf, skýrslur og ályktanir rekstrarnefndar og gera tillögur að samþykkt stjórnar um aðgerðir í tilefni af niðurstöðum funda eða skýrslna rekstrarnefndar ef nauðsyn ber til.
- 8.2 Áhættunefnd leggur til við stjórn viðeigandi breytingar á verkefnum og hlutverki nefndarinnar.

- 8.3 Stjórnendur bankans geta óskað eftir aðstoð nefndarinnar við sérstök úrlausnarefni er varða bankann.

Samþykkt af stjórn Kviku banka hf. þann 24. maí 2018




Kristín Pétursdóttir




Guðjón Reynisson



Hrönn Sveinsdóttir



Guðmundur Þórðarson



Inga Björg Hjaltadóttir